

# MIKILVÆGAR ÖRYGGISUPPLÝSINGAR SEM HAFNA SKAL Í HUGA ÞEGAR ELVANSE ADULT ER NOTAÐ

Elvanse Adult er notað til að meðhöndla athyglisbrest/ofvirkni (ADHD).

Mikilvægt er að þú farir á ábyrgan hátt með lyfið. Aldrei má selja það eða gefa öðrum jafnvel þótt um sömu einkenni sé að ræða.

## *Ef þér hefur verið ávísað Elvanse Adult átt þú að:*

- ✓ Kynna þér lyfið t.d. með því að lesa fylgiseðilinn sem fylgir pakkningu lyfsins. Fylgiseðilinn má einnig finna á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)
- ✓ Geyma lyfið alltaf á öruggum stað, einnig þegar þú ert í skólanum eða á vinnustaðnum
- ✓ Vera viss um hversu mikið af lyfinu þú átt að nota og hversu oft
- ✓ Nota aðeins lyfið eins og læknirinn hefur ávísað
- ✓ Ganga úr skugga um að enginn annar noti lyfið þitt. Þetta er hægt að gera með því að telja hylkin reglulega
- ✓ Tala strax við lækninn ef þú hefur áhyggjur af einhverju sem tengist lyfinu

Eins og við á um öll lyfseðilsskyld lyf er rétt notkun örvandi lyfja, þar með talið Elvanse Adult, mikilvæg. Örvandi lyf geta valdið ýmsum hugsanlegum aukaverkunum ef þau eru ekki notuð á réttan hátt. Til dæmis, ef þau eru notuð í of stórum skömmtum eða notuð þegar þeim hefur ekki verið ávísað þá geta þau haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar í för með sér.

## **Óviðeigandi notkun, röng notkun og misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja, þar með talið Elvanse Adult**

Óviðeigandi notkun lýsir því þegar lyfseðilsskyldu lyfi sem ávísað er til að meðhöndla sjúkdómsástand er ekki notað eins og ætlað er. Til dæmis ef einhver afhendir einhverjum öðrum lyfin sín.

Röng notkun lýsir því þegar lyfseðilsskyld lyf eru notuð á annan hátt en ávísað var, til dæmis ef einhver tekur auka skammt af eigin lyfi eða tekur ekki skammta eins og mælt er fyrir um.

Misnotkun þýðir að einhver notar lyfseðilsskyld lyf til að breyta líðan sinni, til dæmis til að komast í vímu. Þetta getur verið hættulegt fyrir þann sem tekur lyfið og fyrir þá sem eru í kringum viðkomandi einstakling.